

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur
nr. 39 24. mars 1965.

1. gr.

2. mgr. 82. gr. orðist svo:

Heimilt er byggingarnefnd að samþykkja íbúð í húsi, sem byggingarleyfi var fyrir, þegar samþykkt þessi öðlaðist gildi, eftir ákvæðum 6. tl. 31. gr. byggingarsamþykktar nr. 195/1945, enda hafi húsnæðið verið notað sem íbúð fyrir 1. apríl 1965.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingar-málefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

27. maí 1974.

Nr. 143.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 195/1973 um kjarasamninga
starfsmanna sveitar- og sýslufélaga.

1. gr.

2. málsg. 7. gr. orðist svo:

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstimabili og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi, skriflega kröfugerð. Náist ekki samkomulag innan mánaðar frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan eins og hálf mánaðar frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

2. gr.

Við gerð sérkjarasamninga 1974 skal heimilt, eftir ósk viðurkenndra heildarsamtaka, að fresta málskoti til Kjaradóms til 15. júní 1974. Jafnframt framlengist frestur Kjaradóms til dómsuppkvaðningar til 10. ágúst 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 27. maí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.